



Sjálfsmatsskýrsla

2009-2010

Grunnskóli Húnaþings vestra

Efnisyfirlit

1. Þjónusta

1.1	Nemendum líði vel, þeir njóti sín og þroski hæfileika sína	3
1.2	Skólinn mæti fjölbreyttum þörfum nemenda í námi	4
1.3	Gott samstarf milli heimilis og skóla	5
1.4	Forráðamenn og nemendur eigi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi	6

2. Fjármál

2.1	Góð og hagkvæm nýting fjármuna	7
2.2	Skólinn fái nægilegt fjármagn til að ná settum markmiðum	7

3. Innra starf

3.1	Nemendur séu þjálfaðir í sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun.	8
3.2	Skólinn auki skilning og virðingu við reglur samfélagsins og heilbrigða lífssýn.	8
3.3	Reglubundið og vandað mat á öllum sviðum skólastarfsins	9
3.4	Skólinn starfi í nánnum tengslum við umhverfi sitt	9
3.5	Markviss stjórnun sem byggir á samþykkttri stefnu	10
3.6	Starfsmenn, foreldrar og nemendur séu þátttakendur í ákvörðunum	11
3.7	Skilvirkt upplýsingastreymi	11

4. Starfsmannamál

4.1	Starfsmannahald sé stöðugt	12
4.2	Starfsfólk hafi menntun og starfsréttindi við hæfi	12
4.3	Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður	13
4.4	Hvetjandi starfsumhverfi og starfsánægja	13

1. ÞJÓNUSTA

1.1

Nemendum líði vel, þeir njóti sín og þroski hæfileika sína

Tafla 1. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

NEMENDUM LÍÐI VEL, ÞEIR NJÓTI SÍN OG ÞROSKI HÆFILEIKA SÍNA

Samskipti hjá nemendum eru góð	98,1
Barninu mínu líður vel í skólanum	97,2
Skólinn tekur af festu á einelti og agamálum	87,0
Einelti er fátítt í skólanum	92,5
Vinnufriður í bekk barnsins er góður	83,2
Agavandamál valda ekki truflun á námsfriði	83,2
Það er vinnufriður í kennslustundum	73,3
Nemendur fara eftir settum reglum í skólanum	85,2
Það er tekið af festu á eineltis og agamálum	85,2
Meðaltal	82,0

Bent er á að skilja þurfi að spurningu um agamál og einelti til þess að fá skýrari mynd af því hvort agamálum almennt sé ábótavant í skólanum eða úrvinnsla á mögulegu einelti. Öllum hugsanlegum eineltismálum er beint í farveg samkvæmt vinnureglum Olweusaráætlunarinnar og vinna deildarstjóri stoðþjónustu og umsjónarkennari að úrvinnslu þeirra.

Gögnin benda eindregið til þess að vinnufriður í bekkjum er undir viðmiði skólans. Seinnipart vetrar var blásið lífi í agakerfið 1-2-3 og kynnt í öllum bekkjum. Lögð var áhersla á vinnufrið í bekkjum í samtölum við kennara og þá fór skólastjóri í bekkina og ræddi við nemendur. Í skólareglum er lögð áhersla á vinnufrið og hefur kennurum og nemendum verið bent á að nýta bekkjarskipti sem tæki til að koma á sameiginlegum umgengnisreglum.

Tillögur að úrbótum:

- Vinna markvisst með bekkjarskipti til að koma á virkum vinnureglum í hverjum bekk.
- Skólastjóri fari í hvern bekk, kynni skólareglurnar og leggi sérstaka áherslu á vinnufrið í bekkjum.
- Fá tillögur starfsfólks á vinnustaða- og kennarafundum um hvernig gangi og hvar má gera betur.
- Ræða sérstaklega við nemendur sem ekki virða vinnufrið. Vinna að áætlun með þeim og foreldrum þeirra um umbun/refsingu.
- Halda sérstaka almenna starfsmannafundi um Olweusaráætlunina einu sinni á önn. Fara yfir verklag, koma nýjum starfsmönnum inn í áætlunina og viðhalda henni.

1.2

Skólinn mæti fjölbreyttum þörfum nemenda í námi

Tafla 2. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

SKÓLINN MÆTI FJÖLBREYTTUM ÞÖRFUM NEMENDA

Skólinn hvetur barnið mitt til að skila góðum námsárangri	99,1
Kennarar leggja metnað í góða kennslu	99,1
Fjölbreytt tólmstundastarf fyrir nemendur	93,5
Þjónusta við nemendur með sérþarfir er góð	89,2
Duglegir og afkastamiklir nem. Fá námsefni við hæfi	90,7
Skólinn kemur til móts við þarfir nemenda	96,3
Í skólanum eru gerðar eðlilegar námskröfur	99,1
Viðfangsefnin í skólanum eru áhugaverð fyrir nem.	95,4
Heimanám er hæfilegt	82,4
Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar	93,3
Kennarar koma til mót við þarfir nemenda	100,0
Meðaltal	94,4

Skólinn uppfyllir markmið sín um að mæta þörfum nemenda í námi. Engu að síður hefur farið fram endurskoðun á stoðþjónustu skólans á skólaárinu 2009-2010 og farið betur yfir hlutverk og verkaskiptingu á milli kennara, umsjónarkennara, sérkennara og deildarstjóra. Enda er viðmiðum ekki náð í spurningunni "Þjónusta við nemendur með sérþarfir er góð", þar vantar 0,8% upp á. Endurskoðunin fór fram meðal stjórnenda og á samstarfsgrundvelli sérkennara í V-Hún undir leiðsögn Guðjóns Ólafssonar fræðslustjóra. Afrakstur þeirrar vinnu eru skýrari línur um hlutverk og verksvið kennara og sérkennara og jafnframt sérstakur bæklingur um hlutverk sérkennara og deildarstjóra.

Heimavinna nemenda er að mati foreldra í 82,4% tilfella hæfileg. Þeim sem finnst heimavinna vera of lítil eru 10,91% og of mikil 7,4%. Ekki eru gerðar sérstakar tillögur um að ná betra jafnvægi í þessum þætti af hálfu skólans þar sem það kemur fram í hlutverkum kennara og umsjónarkennara að stýra heimavinnu með þeim hætti að hún verði í samræmi við getu nemenda, í góðu jafnvægi við markmið og námskröfur í viðkomandi námsgrein.

Tillögur að úrbótum:

a) Skýrari línur í verkaskiptingu kennara, umsjónarkennara, sérkennara og deildarstjóra:

Kennari:

- Láta umsjónarkennara og deildarstjóra stoðþjónustu vita um námsgengi.
- Fylgjast með ástundun, námi, framkomu og líðan nemenda sinna og koma upplýsingum til umsjónarkennara/deildarstjóra stoðþjónustu.
- Sjá um að láta nemendur hafa hljóðbækur.
- Ljósrita á lituð blöð ef þess þarf.
- Einfalda námsefni / auka námsefni.
- Ræða við foreldra.
- Minnka/auka heimanám.
- Reyna fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Skrá ástundun í mentor.
- Skrá í dagbækur og fylgjast vikulega með dagbókum.
- Kynna sér upplýsingar um nemendur í mentor og í möppum á samgöngnum.
- Taka tillit til þarfa nemenda.
- Vinna eftir einstaklingsnámskrám.
- Skrá yfirferðaráætlun/kennsluáætlun í mentor fyrir a.m.k einn mánuð í einu.
- Skila inn skriflegum beiðnum um athugun og aðstoð fyrir nemendur.

Umsjónarkennari:

- Fylgjast náíð með námi nemenda sinna.
- Leiðbeina nemendum í námi og starfi.
- Ráðleggja nemendum um persónuleg mál.
- Taka einstaklingsviðtöl við alla umsjónarnemendur einu sinni á önn.
- Einstaklingsviðtöl þegar mál koma upp.
- Halda bekkjarfundi einu sinni í viku.
- Boða skólastjórnendur/skólaliða á bekkjarfundi.
- Mæta á teymisfundi um umsjónarnemendur.
- Skrá ástundun vikulega og senda heim.
- Taka á móti skriflegum upplýsingum frá skólaliðum og skrá í mentor og hafa samband heim.

Sérkennari:

- Skipulag kennsluaðstæðna í og utan bekkjar í samvinnu við kennara og foreldra.
- Fylgjast með nýjungum á sviði sérkennslu og miðla þeim til samkennara.
- Eftirlit og mat á námsgengi nemenda m.a. með könnunum og greiningum.
- Sérkennslufræðileg ráðgjöf
- Kennsla nemenda með sértæka námserfiðleika.

Deildarstjóri stoðþjónustu:

- Greiningar
- Teymisvinna
- Gerð einstaklingsnámskrár
- Skipulag sérkennslu
- Umsjón með samstarfi annara þjónustuaðila s.s. sálfræðings, greiningarstöðvar o.fl.
- Sérkennslufræðileg ráðgjöf.
- Umsjón með nemendaverndarráði.
- Samstarf við aðra sérkennara.
- Kennsla nemenda með sértæka námserfiðleika.

1.3

Gott samstarf milli heimilis og skóla

Tafla 3. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

GOTT SAMSTARF MILLI HEIMILIS OG SKÓLA	
Umsjónarkennari barnsins hefur góða yfirsýn	99,1
Foreldrum finnst þeir velkomnir í skólann	99,1
Samstarf skólans og heimilis er gott	97,7
Foreldrar fylgjast vel með heimanámi barnsins	96,3
Kennari hefur samband þegar vel gengur hjá nem.	56,0
Kennari hefur samband þegar ekki gengur sem skyldi	88,9
Kennarar hafa gott samstarf við foreldra	93,3
Meðaltal	90,0

(78% foreldra vill taka meiri þátt í skólastarfi, 22% vill það ekki)

Skólinn uppfyllir viðmið sín um samstarf milli heimilis og skóla. Það kemur þó fram í könnun að foreldrar telja að kennarar hafi ekki nægjanlega oft samband ef vel gengur og ekki heldur þegar ekki gengur sem skyldi. Niðurstöður þessarar könnunar er góð áminning til kennara um að huga

að þessum þætti. Það verður ávallt huglægt mat hvenær kennari telur nauðsynlegt að hringja sérstaklega heim til að ræða við foreldra og á sama hátt huglægt hvenær foreldrar nýta sér auglýstan viðtalstíma kennara. Þess má geta að foreldrar hringja oft utan hefðbundins vinnutíma og að jafnaði eru engar athugasemdir gerðir við það af hálfu kennara

Tillögur að úrbótum:

a) Skólustjóri tekur málið fyrir kennarafundi.

1.4

Forráðamenn og nemendur eigi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi

Tafla 3. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

FORELDRAR OG NEMENDUR EIGA GREIÐAN AÐGANG AÐ RÁÐGJÖF OG STUÐNINGI

Kennarar benda á hvernig foreldrar geti stutt við heimanám	76,9
Nemendur fá viðeigandi þjónustu ef þeir lenda í erfiðleikum	92,6
Foreldrar hafa aðgang að þjónustu vegna vandamála	93,5
Foreldrar eru upplýstir um sérfræðiþjónustu innan skólans	75,9
Meðaltal	84,7

Skólinn nær ekki viðmiðum sínum um aðgang að ráðgjöf og stuðningi samkvæmt þessum niðurstöðum. Það kemur á óvart að foreldrum hafi ekki verið bent á hvernig þau geti aðstoðað við heimanám eða hvernig því skuli háttað. Á viðtalsblöðum sem send eru heim að hausti er sérstaklega vikið að þessum þætti og foreldrum gefinn kostur á því að undirbúa sig fyrir viðtölin þar sem öll viðtalsblöð eru send heim til foreldra nokkru áður en viðtöl hefjast. Þessar niðurstöður eru heldur ekki í samræmi við töflu 2 þar sem 96,3% foreldra telja sig fylgjast náið með heimanámi barna sinni og 99,1% (tafla 1) foreldra telja að eðlilegar námskröfur séu gerðar til nemenda.

Foreldrar eru ekki upplýstir um sérfræðiþjónustu innan skólans samkvæmt þessum niðurstöðum. Allar upplýsingar um sérfræðiaðstoð skólans má finna á heimasíðu skólans, í starfsáætlun og ef breytingar eru gerðar er fjallað um það sérstaklega í fréttabréfi. Þá eru foreldrar spurðir sérstaklega á viðtalseyðublöðum og beðnir um að merkja við ef þeir hafa kynnt sér þessa þætti og kennarar benda á hvar upplýsingar megi finna í viðtölum.

Það gæti hins vegar verið góður kostur að draga saman á heimasíðu og í fréttabréfi yfirlit yfir sérfræðiþjónustu sem býðst innan skólans og gera hana með þeim hætti aðgengilegri og sýnilegri.

Það kemur þó í ljós að þjónusta við skólann er samkvæmt viðmiði þar hlutfall þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna og hafa leitað eftir henni er yfir viðmiði.

Tillögur að úrbótum:

a) Draga saman upplýsingar um sérfræðiþjónustu skólans og hafa aðgengilegt á einum stað og fjalla um í fréttabréfi.

2. FJÁRMÁL

2.1

Góð og hagkvæm nýting fjármuna

Rekstur Grunnskóla Húnaþings vestra fór 8,9 milljónum fram úr fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Vóg þýngst hækkun á kostnaði vegna skólaaksturs í kjölfar breytinga á samningum við skólabílstjóra eða kostnaður um 6,8 milljónir króna.

Á árinu 2009 var vinna lögð í að samræma innkaup milli stofnana sveitarfélagsins. Hagstæðir samningar náðust við Kaupfélag vestur Húnavetninga um kaup á skrifstofupappír og klósettpappír. Samningur um kaup á hreinlætisvörum var gerður við BESTA, þar sem hagstæðust verð voru þar. Nú hefur BESTA verið tekið til gjaldþrotaskipta og nýtt fyrirtæki tekið yfir lagerinn frá þeim og skólinn kaupir sínar hreinlætisvörur þaðan. Vert er að skoða hvort ástæða sé til að gera nýja verðkönnun á milli fyrirtækja.

Einnig var lögð áhersla á að nýta sér rammisamning Ríkiskaupa þar sem sveitarfélagið er aðili að honum. Stjórnendur þurfa að fylgjast með hvort umsaminn afsláttur skili sér við reikningskil.

2.2

Skólinn fái nægilegt fjármagn til að ná settum markmiðum

Tafla 4. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

SKÓLINN FÁI NÆGILEGT FJÁRMAGN TIL AÐ NÁ SETTUM MARKMIÐUM	
Skólayfirvöld leggja metnað í að byggja upp góðan skóla	95,3
Skólayfirvöld leggja metnað í að byggja upp góðan skóla	100,0
Meðaltal	97,6

Viðmið skólans næst um metnað í að byggja upp góðan skóla. Stuðningur og velvild sveitarstjórnar hefur ávallt verið mikill og samstarf skólastjórnenda, sveitarstjórnar og fræðsluráð með miklum ágætum.

Starfsáætlun er ávallt unnin að hausti og liggur til grundvallar fyrir gerð fjárhagsáætlunar. Töluverður niðurskurður var á árinu 2009 og tók að fullu gildi á árinu 2010 vegna efnahagsaðstæðna í samfélaginu. Gripið var til þeirra ráðstafana að fækka kennslustundum úr 484 í 444. Það var mögulegt með því að endurráða ekki kennara sem voru tímabundið ráðnir og tveir kennarar fóru í fæðingarorlof. Fyrir skólaárið 2010-2011 var úthlutað 459 kennslustundum. Fækkun kennslustunda fólst fyrst og fremst í því að fækka kennslustundum í list og verkgreinum á mið- og unglíngastigi og er það andstætt stefnu skólans sem hefur fram að þessu lagt höfuðáherslu á kennslu í list- og verkgreinum.

Einnig var gripið til þess að manna ekki ófyrirséð forföll eftir því sem kostur er og skynsemi leyfir. Á síðasta ári var um helmingur forfalla ekki mannaður og þess í stað nemenda gætt af skólaliðum. Þessi ráðstöfun hefur verið töluvert gagnrýnd af foreldrum.

Tillögur að úrbótum:

a) Ræða breyttar áherslur við sveitarstjórn og fræðsluráð.

3. INNRA STARF

3.1

Nemendur séu þjálfaðir í sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun.

Tafla 5. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

NEMENDUR SÉU ÞJÁLFAÐIR Í SJÁLFSTÆÐUM VINNUBRÖGÐUM OG GAGNRÝNNI HUGSUN

Nemendur læra sjálfstæð vinnubrögð í skólanum	96,2
Meðaltal	96,2

Mikil vinna hefur verið lögð í að endurskoða skólanámskrá Grunnskóla Húnaþings vestra með það að markmiði að gera hana skýra og afmarkaða og einstaklingsmiða hana alveg. Notast er við skráningu í námsframvindu mentor þar sem hægt er að haka við hvern og einn nemenda við hvert og eitt markmið skólanámskrár. Markmiðin og staða nemenda í þeim fylgja þeim alla skólagönguna. Nú hefur verið lokið við námskrár í stærðfræði og íslensku og stefnt er að námskrám í ensku og dönsku verði lokið um áramót.

Kennsluáætlanir eru birtar foreldrum á mentor.is og er gerð krafa um að þar birtist a.m.k. yfirferðaráætlun fyrir hvern mánuð.

Tillögur að úrbótum:

a) Áframhaldandi vinna við skólanámskrár.

3.2

Skólinn auki skilning og virðingu við reglur samfélagsins og heilbrigða lífssýn.

Lífsleiknikennsla skólans hefur verið með þeim hætti að umsjónarkennari hvers bekkjar sér um lífsleikni. Skólaárið 2009-2010 sá deildarstjóri stoðþjónustu um lífsleiknikennslu á unglíngastigi til þess að gera kennsluna enn markvissari og vinna með bekkjaranda og ræða ýmis vandamál sem upp koma í samskiptum nemenda á bekkjarfundum. Þessi ráðstöfun er gagnrýnd í úttekt Menntamálaráðuneytis og lagt til að deildarstjóri sinni ekki almennri kennslu. Skólastjóri og deildarstjóri eru ekki sammála þessari gagnrýni þar sem deildarstjóri stýrir Olweusaráætluninni og hefur þá skýran afmarkaðan tíma með hverjum bekk í unglíngadeild til að vinna með lífsleikni. Deildarstjóri þarf engu að síður að funda með bekkjum og/eða einstökum nemendum bekkja þó svo það sé ekki á stundaskrá. Fyrirkomulaginu hefur verið breytt í fyrra horf fyrir skólaárið 2010-2011 þar sem sérkennari er í orlofi. Metið verður í vor hvort fyrirkomulagið skilar betri og markvissari lífsleiknikennslu.

Forvarnir í skólanum hafa verið í nánú samstarfi við Stýrihóp um forvarnir og skólahjúkrunarfræðing. Á skólaárinu 2009-2010 var skólahjúkrunarfræðingur lítið innan skólans vegna orlofs. Það horfir til betri vegar á nýju skólaári. Forvarnaráætlun skólans hefur ekki verið sérstaklega skráð og úr því þarf að bæta. Forvarnir standa saman af námsefni sem kallast 6 H heilsunnar og forvarnarfundum skipulögðum af Stýrihóp um forvarnir, auk heimsókna og fræðsluerinda í skólanum.

Tillögur að úrbótum:

a) Meta lífsleiknikennslu í skólanum í tengslum við gerð skólanámskrár í faginu.

b) Koma á fót skriflegri forvarnaráætlun í samstarfi við Stýrihóp og skólahjúkrunarfræðing.

3.3

Reglubundið og vandað mat á öllum sviðum skólastarfsins

Ný sjálfsmatsáætlun til þriggja ára var gerð eftir úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans. Þar kom fram gagnrýni á úrvinnslu gagna og eftirfylgni í sjálfsmatinu. Í framhaldi af úttektinni var skipað sjálfsmatsteymi við skólann sem í sitja skólastjóri, fulltrúi kennara, fulltrúi nemenda, fulltrúi foreldra og fulltrúi starfsmanna. Skólaráð gerir tillögu að einstaklingum í sjálfsmatsteymi.

Skólaráð, fræðsluráð og sjálfsmatsteymi hefur verið skólastjóra til ráðgjafar í vinnu við sjálfsmat skólans. Í fyrsta sinn birtist sjálfsmatskýrsla skólans, fyrir skólaárið 2009-2010 í kjölfar þessarar vinnu, þrátt fyrir að sjálfsmatsáætlunin taki til frá skólaárinu 2010-2013. Skýrslan verður nýtt við vinnu til að bæta skólastarfið enn frekar samkvæmt sjálfsmatsáætluninni.

Menntamálaráðuneytið hefur að auki gert að skilyrði að skólastjórnendur sækji námskeið um gerð og eftirfylgni sjálfsmatsáætlana.

Námsmat skólans var tekið til endurskoðunar á skólaárinu 2009-2010 og samræmdir helstu þættir þess frá 1. - 10. bekk. Vægi hlutlægra og huglægra þátta var samræmt milli stiga og stefnan tekin á að gefa ekki einkunnir í 1. - 4. bekk. Þess í stað verða færniþættir nemenda í hverju fagi í þessum árgöngum tíundaðir á vitnisburðablöðum.

Markmiðssetning starfsmanna í starfi er mismunandi. Umræða um hana fer fram í starfsmannaviðtölum sem skólastjóri tekur tvisvar á ári. Ekki er um skipulagða eftirfylgni að ræða þar sem markmiðin eru oftar en ekki persónuleg.

Tillögur að úrbótum:

- a) Unnið áfram eftir sjálfsmatsáætlun.
- b) Skólastjórnendur sækji námskeið.
- c) Unnið eftir nýju námsmati og það metið að vori.

3.4

Skólinn starfi í nánnum tengslum við umhverfi sitt

Grunnskóli Húnaþings vestra leggur áherslu á að fræða nemendur um heimabyggð sína. Reglubundnar ferðir eru farnar með alla nemendur á hvert svæði sýslunnar. Til að sýna betur fram á þetta þarf að útbúa yfirlit um hvenær hvaða bekkur fer hvert. Þá er fjallað um heimabyggð í samfélagsfræði og landafræði og til er námsefni sem kennarar við skólann hafa útbúið um sögu og staðhætti í héraði.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla er mikið. Undirbúningur á komu elstu nemenda leikskóla í grunnskóla stendur allt síðasta starfsár nemenda í leikskóla. Þá er leikskóla ávallt boðið á árshátíð og vorhátíð. Margar sýningar og heimsóknir eru skipulagðar í samstarfi við leikskóla. Nýjasta verkefnið er samstarf leikskóla og grunnskóla um skólagarða með aðstoð umhverfisstjóra og íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.

Heimsóknir á söfn héraðsins og í fyrirtæki eru fastur liður í skólastarfinu. Þar má nefna Selasetur, Gallerí Bardúsa, Byggðasafn, bókasafn o.fl.

Tillögur um úrbætur:

- a) Setja saman lista yfir fastar ferðir í innan sýslunnar.
- b) Setja saman lista yfir heimsóknir í söfn og fyrirtæki.

3.5**Markviss stjórnun sem byggir á samþykktri stefnu**

Tafla 6. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

MARKVISS STJÓRNUN SEM BYGGIR Á SAMÞYKKTRI STEFNU	
Skólinn hefur kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti	91,9
Skólastjóri er áhugasamur um að bæta skólastarfið	93,5
Ég er ánægður með stjórnun skólans	92,6
Mér finnst skólinn vera í þróun og framför	91,7
Ég þekki stefnu skólans	92,3
Skólastjóri er áhugasamur um að bæta skólastarfið	96,3
Mér finnst skólinn vera í þróun og framför	92,6
Ég er ánægður með stjórnun skólans	100,0
Meðaltal	93,9

Skólinn uppfyllir markmið sín um stjórnun. Í úttekt Menntamálaráðuneytis er bent á að ánægja með skólastjóra hafi minnkað. Það er rétt að hlutfall þeirra sem taka afstöðu til þess hefur heldur minnkað, en þó aukist á milli ára frá því að núverandi skólastjóri tók við. Það skal bent á að þegar nýr skólastjóri tók við var gerð krafa af hálfu sveitarstjórnar um sparnaðartillögur sem skólastjóri tók að sér að útfæra og gera tillögur að. Það gæti haft áhrif á ánægju með störf skólastjóra enda koma það niður á t.d. list- og verkgreinakenndu sem eru vinsælar meðal nemenda og foreldra. Þá er það ábyrgð skólastjóra hversu langt er gengið í að manna ekki ófyrirséð forföll og hugsanlegt að fá frekara álit foreldra, fræðsluráðs og sveitarstjórnar á þeirri framkvæmd. Í starfsmannaviðtölum kom fram mikil ánægja með störf aðstoðarskólastjóra.

Á skólaárinu 2010-2011 hefur verið komið á skýrari verklagi til að fylgja eftir og finna úrlausn á ágreiningi eða kvörtunum. Það verklag hefur verið kynnt meðal starfsmanna og verður kynnt foreldrum í fréttabréfi.

Tillögur að úrbótum:

- a) Kalla eftir nánara áliti foreldra, fræðsluráðs og kennara á framkvæmd ómannaðra kennslustunda.
- b) Kynna verklag vegna kvartana - þjónustu - kenndu - starfsmanna
 1. Ræða við kennara / starfsmann.
 2. Ræða við umsjónarkennara (eru fleiri vandamál).
 3. Ræða við deildarstjóra stoðþjónustu.
 4. Ræða við skólastjóra sem tekur ákvörðun og/eða kemur á fundum milli aðila.
 5. Senda skriflega kvörtun til nemendaverndarráðs
 6. Fræðslustjóri úrskurðar um ágreiningsmál sé ekki sátt um ákvörðun skólastjóra.

3.6

Starfsmenn, foreldrar og nemendur séu þátttakendur í ákvörðunum

Tafla 7. (grænt=foreldrar, gult=starfsmenn)

STARFSMENN, FORELDRAR OG NEMENDUR SÉU ÞÁTTTAKENDUR Í ÁKVÖRÐUNUM

Skólinn tekur tillit til óska og athugasemda foreldra	91,7
Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins	82,4
Mér finnast fundir í skólastarfinu vera markvissir og gagnlegir	88,5
Meðaltal	87,5

Skólinn er undir viðmiði sínu um þátttöku skólasamfélagsins í ákvarðanatöku. Foreldrum finnst þeim ekki vera nægjanlegir þátttakendur í ákvörðunum um nám barna sinna. Ein skýring er ágreiningur milli skóla og foreldra þegar fagleg rök eru lätin vega þyngra í námi barnsins en óskir foreldra. Einnig getur verið að hluti foreldra þyki of lítið samband haft um nám nemenda þó ekki sé um neinn ágreining að ræða, samanber töflu 3 þar sem stór hluti foreldra telur að ekki sé nægjanlegt oft haft samband heim af skólans hálfu.

Starfsmanna- og kennarafundir eru fastir liðir í hverri viku og auglýst sérstaklega ef þeir falla niður. Það kom þó fram í starfsmannaviðtölum að skólaliðar á Hvammstanga hefðu litla möguleika á að koma á fundina (oft ekki nema í skamman tíma) þar sem föst viðvera í í síðdegisgæslu og í skólabíl setti þeim fastar skorður.

Við þessu hefur verið brugðist á skólaárinu 2010-2011 með því að skólaliði frá Laugarbakka leysir skólaliða á Hvammstanga af á meðan starfsmannafundir eru og fundirnir færðir aftur um hálfu klukkustund svo þeir rekist ekki saman við skólaakstur. Starfsmannafundir á Hvammstanga eru kl 14:30 á mánudögum, kennarafundir á þriðjudögum kl. 14:30 og starfsmannafundir á Laugarbakka kl 14:20 á fimmtudögum.

Tillögur að úrbótum:

- Skólastjóri tekur fyrir á kennarafundi samstarf við heimili og aukið samband.
- Breytt fyrirkomulag á starfsmannafundum á Hvammstanga til að allir starfsmenn geti sótt þá.

3.7

Skilvirkt upplýsingastreymi

Tafla 8. (grænt=foreldrar, gult=starfsmenn)

UPPLÝSINGASTREYMI SÉ SKILVIRKT

Skólinn veitir góðar upplýsingar um nemendur til foreldra	88,9
Ég er ánægður með upplýsingamiðlun frá skólanum	89,8
Ég er ánægður með upplýsingamiðlun innan skólans	66,7
Meðaltal	81,8

Skólinn nær ekki viðmiðum sínum um virkt upplýsingastreymi. Niðurstöður könnunar sýna að um 11% foreldra þykir upplýsingastreymi ekki nægjanlega gott (eða um 1% undir viðmiði).

Upplýsingamiðlun frá skólanum er eftirfarandi:

- Regluleg fréttabréfaútgáfa
- Virk heimasíða
- Markviss notkun á mentor.is
- Tölvu- og símasamskipti kennara og foreldra
- Samskiptabækur (í nokkrum tilfellum)

- Auglýstir viðtalstímar
- Fjórir viðtalsdagar á ári (tveir valkvæðir)
- Ástundun send í lok hverrar viku

Til þess að bæta upplýsingastreymið hefur skólastjóri tekið upp þá vinnureglu að senda foreldrum og nemendum tölvupóst á sunnudagskvöldum til þess að gefa grófa mynd af því starfi sem framundan er þá vikuna. Þá hefur skólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu lagt aukna áherslu á að skrá í dagbækur mentor.is og birta foreldrum. Það bar á því á síðasta skólaári að kennarar gleymdu að haka við möguleikann "birta foreldrum" þegar þeir skráðu í dagbók. Þess má geta að 64% foreldra nota upplýsingakerfið mentor vikulega. Hvetja má foreldra til þess að nota mentor enn meira enda miklar og gagnlegar upplýsingar um nám og störf nemenda í skólanum þar.

Það kemur fram að hlutfall starfsmanna sem þykir upplýsingastreymi innan skólans ófullnægjandi er hátt. Það koma skýrt fram í starfsmannaviðtölum að skólaliðar og stuðningsfulltrúar hafa ekki fengið eins skýrar og góðar upplýsingar um nemendur og æskilegt væri, m.a. vegna skipulags á starfsmannafundum. Það hefur verið bætt.

Þá hefur skólinn ekki viðhaldið fullnægjandi endurmenntun fyrir almenna starfsmenn. Eitt námskeið var haldið á síðasta ári um samskipti á vinnustöðum. Eins hefur skólinn ekki haldið nein innri námskeið um áherslur í starfi með nemendum.

Tillögur að úrbótum:

- Aukið upplýsingastreymi með tölvupósti í upphafi hverrar viku.
- Hvetja foreldra til þess að nýta sér mentor.is meira.
- Bæta skipulag starfsmannafunda á Hvammstanga
- Funda með almennum starfsmönnum til að skilgreina þörf á endurmenntun.
- Skipuleggja námskeið innan skólans um áherslur í starfi með nemendum.

4. STARFSMANNAMÁL

4.1

Starfsmannahald sé stöðugt

Starfsmannahald er stöðugt við skólann og vel innan við 10% starfsmannavelta ár hvert.

Tillögur að úrbótum:

4.2

Starfsfólk hafi menntun og starfsréttindi við hæfi

Tafla 9. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

STARFSFÓLK EIGI KOST Á GÓÐUM ENDURMENNTUNARMÖGULEIKUM	
Ég á kost á endurmenntun við hæfi	77,5
Meðaltal	77,5

Allir kennarar skólans eru með kennsluréttindi.

Lítill hluti skólaliða hefur lokið skólaliðanámi og símenntun þeirra ábótavant.

Endurmenntunaráætlun skólans er unnin í samstarfi við fræðslustjóra og skólastjóra í A-Hún. Kennarar hafa að auki greiðan aðgang að endurmenntun í formi námskeiða og aldrei hefur kennara verið neitað um námskeið hafi þeir óskað eftir því og námskeiðið fallið að starfsháttum og stefnu skólans.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður könnunar á endurmenntunarmöguleikum starfsfólks endurspegli litla endurmenntun annarra starfsmanna en kennara.

Tillögur að úrbótum:

- Funda með almennum starfsmönnum til að skilgreina þörf á endurmenntun.
- Skipuleggja námskeið innan skólans um áherslur í starfi með nemendum.

4.3

Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður

Tafla 10. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

MANNAUÐURINN INNAN SKÓLANS SÉ VIRKJAÐUR

Þekking mín og reynsla er vel nýtt í skólanum	96,3
Ég hef áhrif á stefnumótun og starf í skólanum	70,4
Ég tel línur skýrar varðandi hlutverk og ábyrgð í skólanum	81,5
Meðaltal	82,7

Tekið er á þessum þætti í starfsmannaviðtölum og allir starfsmenn beðnir um að miðla af reynslu sinni eða hvort þeir hafi einhverja sérþekkingu sem nýtist í skólastarfinu. Niðurstöður könnunar styðja það þar sem nær allir telja að þekking þeirra og reynsla nýtist vel í skólanum.

Skólinn uppfyllir ekki viðmið sín um áhrif, hlutverk og ábyrgð starfsmanna. Viðbrögð um skýrari línur og hlutverk í kafla 1.2 gæti haft áhrif á þessa niðurstöðu. Á síðasta starfsári var sett upp vinnuplan fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa til þess að skilgreina störf þeirra betur. Eftirfylgni og endurskoðun á því var hins vegar ábótavant.

Tillögur að úrbótum:

- Sjá tillögu í kafla 1.2 um skýrari hlutverk meðal kennara.
- Móta með skólaliðum og stuðningsfulltrúum vinnuplan. Endurskoða það reglulega með tilliti til reynslu og álags.

4.4

Hvetjandi starfsumhverfi og starfsánægja

Tafla 11. (grænt=foreldrar, gult=starfmenn)

HVETJANDI STARFSUMHVERFI OG STARFSÁNÆGJA

Skólinn er fjölskylduvænn vinnustaður	96,3
Mér finnst góður andi á vinnustaðnum	81,5
Vinnuaðstaðan í skólanum er góð	92,6
Ég er ánægður í starfi	100,0
Mér finnst ég fá stuðning í starfi þegar upp koma vandamál	92,6
Meðaltal	92,6

Skólinn uppfyllir viðmið sín um hvetjandi starfsumhverfi og starfsánægju